



Dæmisagan um aðalsmanninn: Lexía um hlýðni

Í Kenningu og sáttmálum 101:43–62 er dæmisaga sem gefin var til að útskýra hvers vegna hinir heilögu voru hraktir frá Missouri.

Efast ég einhvern tíma um boðorð

Guðs?

Hafið þið, eins og þjónarnir, íhugað hvort tiltekið boðorð sé virkilega nauðsynlegt? Þessi dæmisaga kennir okkur að boðorð Drottins vernda okkur og hjálpa við að lifa gleðríku lífi (sjá einnig Mósía 2:41; Kenning og sáttmálar 82:8–10).

Hvað getum við gert ef við sjáum ekki þörfina fyrir tiltekið boðorð?

- Rannsakið viðfangsefnið og biðjist fyrir að Drottinn hjálpi ykkur að „finna að það er rétt“ (Kenning og sáttmálar 9:8).
- Minnst þess er blessanir hlutust vegna hlýðni.¹
- Breytið í trú, treystið að þið munið hljóta skilning „eftir að reynt hefur á trú [ykkar]“ (Eter 12:6).

Í dæmisögunni byrja þjónarnir að reisa turn en ákveða síðan að „engin þörf“ sé fyrir hann (Kenning og sáttmálar 101:49). Þar sem þeir byggðu ekki turninn, var enginn sem varaði þá við þegar óvinur braust inn og eyðilagði víngarðinn.

Aðalsmaður býður þjónum sínum að gróðursetja víngarð og byggja garð umhverfis trén og reisa turn, svo varðmaður geti séð landið umhverfis.

Þjónar gróðursetja víngarðinn og byggja garðinn en ákveða að reisa ekki turninn.

Óvæntur óvinur eyðileggur víngarðinn.

HEIMILDIR

1. Sjá Neil L. Andersen, „Andlega auðkennandi minningar,“ *aðalráðstefna*, apríl 2020.